

## GJALDSKRÁ

### Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

#### 1. gr.

Verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) ákvarðast annarsvegjar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegjar af ákvæðum í stofnsamningi.

#### 2. gr.

Af gjaldskyldum verkefnum skal SHS taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þeirra. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Þegar um útkall er að ræða er að lágmarki innheimt fyrir fjóra tíma vegna hvers starfsmanns. Fast tímagjald fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 8.608 krónur.

#### 3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en einnar klukkustundar ef umsögn er afgreidd án skoðunar á staðnum.

#### 4. gr.

Heimilt er slökkviliðsstjóra að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almanna-hagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SHS eru sett í stofnsamningi. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

#### 5. gr.

SHS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum skv. ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

#### 6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

#### 7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til samfélags- og forvarnaverkefna á vegum SHS.

#### 8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn SHS. Taka breytingar gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og miðast við fjárhagsáætlun SHS hverju sinni.

*F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., 15. janúar 2010,*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** formaður.